



Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vinnu aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks varðandi göngugötur og akstursþjónustu

Á fundi borgarráðs þann 23. júlí 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

1. Með hvaða hætti, ef nokkuð, beitti aðgengis- og samráðsnefndin sér varðandi 10. gr. nýrra umferðarlaga sem kveður á um heimild fatlaðs fólks að aka göngugötur og leggja í merkt stæði?
2. Hvernig hefur aðgengis- og samráðsnefndin, ef eitthvað, beitt sér fyrir því að skilti og merkingar í borginni sem sýna rétt handhafa stæðiskorta séu samkvæmt landslögum? Hér er átt við skilti sem sýna rétt þeirra sem eru með P-merki. Þeir mega bæði keyra og leggja á göngugötum.
3. Hvernig beitti aðgengis- og samráðsnefndin sér í að haft yrði samráð við hagsmunasamtök fatlaða í útboðsmálum sameiginlegrar akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu?
4. Hversu oft hafa ofangreind mál verið sett á dagskrá aðgengis- og samráðsnefndarinnar og hvernig hafa þau verið afgreidd út úr nefndinni?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar aðgengis- og samráðsnefndar með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 24. júlí 2020. Eftirfarandi svar við fyrirspurninni var samþykkt á fundi aðgengis- og samráðsnefndar þann 1. október 2020.

Svar við fyrirspurn:

1. Aðgengis- og samráðsnefnd fékk umferðarlögin ekki til umsagnar frá Alþingi. Á 13. fundi nefndarinnar þann 9. júní 2020, var umræða í nefndinni um göngugötur í miðborginni.
2. Aðgengis- og samráðsnefnd hefur sent ábendingar um merkingar P-stæða þar sem vitað hefur verið til að þeim sé ábótavant. Það hefur aðeins átt við einstök stæði.
3. Aðgengis- og samráðsnefnd beitti sér fyrir því að haft yrði samráð við nefndina varðandi útboðsmál sameiginlegrar akstursþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Í nefndinni sitja sex fulltrúar þriggja hagsmunasamtaka fatlaðs fólks, þrír frá ÖBÍ, tveir frá Þroskahjálp og einn frá NPA miðstöðinni.
4. Útboðsmál sameiginlegrar akstursþjónustu hafa þrisvar sinnum farið inn á borð nefndarinnar. Málið var kynnt fyrir nefndinni, hún veitti umsögn um þjónustulýsinguna og fékk svo aftur kynningu á stöðu mála. P-merkingar bílastæða hafa komið inn á fund nefndarinnar margsinis.

Einnig hefur útgáfa og fjöldi P-korta komið til umræðu.

Með kveðju

Tómas Ingi Adolfsson
sérfræðingur